



## Þema 2. bekkur

### Fjölskyldan og umhverfið

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Að nemandi:</p> <p><b>Reynsluheimur</b></p> <p>Gerir sér grein fyrir að barn verður til vegna samruna efna frá báðum foreldrum.</p> <p>Læri að hver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild, fjölskyldu, skólasamfélagi, bæjarfélagi, þjóðfélagi og að því fylgir ábyrgð.</p> <p>Læri um stöðu og ábyrgð beggja kynja í fjölskyldum og þekki hlutverk einstaklinga innan hennar, t.d. með því að hugleiða stöðu sína í eigin fjölskyldu.</p> <p>Þekki til mismunandi fjölskyldugerða í íslensku samfélagi og átti sig á hlutverki þeirra í samfélaginu.</p> <p>Læri leiðir til að efla samskiptafærni sem felur m.a. í sér færni í samvinnu, hlusta á aðra og sýna kurteisi.</p> <p>Fái æfingu í að vinna með öðrum að afmörkuðu verkefni, sýni frumkvæði og sköpun í vinnubrögðum.</p>	<p>Stuðst er við ýmsar bækur s.s</p> <p>Hvernig varð ég til</p> <p>Fjölskyldubókin</p> <p>Afabókin og Ömmubókin</p> <p>Brosbókin</p> <p>Allra fyrsti atlasinn minn</p> <p>Horft á myndefnin:</p> <p>Litla lirfan ljóta</p> <p>Over the Hedge</p> <p>Skógarstríð</p> <p>Jón Oddur og Jón Bjarni</p> <p>Innlagnir þar sem lesin er texti úr <i>bókum, af blöðum</i>, horft á kvikmyndir og umræður með nemendum, verkefni unnin út frá því.</p>	<p>Nemendur hlusta á sögur, horfa á kvikmyndir og ræða saman.</p> <p>Nemendur vinna við ritun og lesskilning, vinna með málshætti, gera persónulýsingar, sóknarskrift, rita um vináttu, gera vinaskjöl, skrifa sögu eða stutta frásögn.</p> <p>Nemendur teikna sig sjálf á blað og eftir eigin spegilmynd, teikna fjölskyldur sínar, gera ættartré og vinna mynd af húsi sínu og umhverfi.</p> <p>Unnið er sameiginlegt súlurit.</p> <p>Unnið samvinnuverkefni með leikræna tjáningu, sýna mismunandi svipbrigði.</p> <p>Farið í vettvangsferð um hverfið.</p>	<p>Frammistöðumat þar sem er metið: Vinnusemi, samvinna og vandvirkni.</p>

**Hugarheimur**

Geti sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af fjölskyldu, búsetu, uppruna, siðum og venjum.

Geti tjáð hugsanir og tilfinningar

**Félagsheimur**

Geti sett sig í spor annarra.

*Þekki styrk sinn.*

Geti sett sér markmið.

Temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra, t.d. með því að fást við efni um góðvild, miskunnsemi, sannsögli og hjálpssemi og vandamál tengd einelti og bakmælg.

Geti áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum